

Stjórnarfundur FEB nr. 461 þriðjudaginn 8. júní 2021 kl. 09:30

að Stangarhyl 4, Reykjavík

Mættir aðalmenn; Kári Jónasson, Viðar Eggertsson, Sigurbjörg Gísladóttir, Ingibjörg Óskarsdóttir, Ingibjörg Sverrisdóttir og Geir A. Guðsteinsson.

Mættir varamenn; Finnur Birgisson, Halldór Frímannsson og Kolbrún Stefánsdóttir.

Auk þess sátu fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri og Jóhanna Ragnarsdóttir sat fundinn út lið 2.

Fjarverandi: Ólafur Örn Ingólfsson, aðalmaður.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar 18. maí 2021 samþykkt.
2. Samtal um stafræna vegferð velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Styrmir Erlingsson, stafrænn leiðtogi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, hélt í upphafi fundar kynningu á nýjum vef Reykjavíkurborgar og Mínum síðum sem fara í loftið í september á þessu ári. Nýi vefurinn er mun notendavænni en núverandi vefur og upplýsingar á vefnum eru á auðskildu máli. Markmiðið er að setja allar upplýsingar á skýran máta þ.á.m. hvaða velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar bíður upp á, hvernig megi nálgast hana og hver ferlin eru. Með uppsetningu á Mínum síðum verða næstum allar þjónustur velferðarsviðs gerðar rafrænar og aðgengi íbúa borgarinnar að þjónustu borgarinnar þar með bætt til muna.“

Styrmir varpaði fram þeirri spurningunni „hvernig getum við aðstoðað?“ Athyglinni er beint m.a. að eldra fólki, heimaþjónustu, heimsendum mat, hverjir eiga rétt að félagslegri þjónustu, umsóknum um sérmerkt bílastæði (P-stæði), aðstoð í daglegu lífi, kostnað við þjónustuna, hvar er hægt að bóka viðtal en ráðgjafi mun hringja til baka ef erfitt reynist að ná sambandi, Nokkur umræða spannst um það hvernig hægt væri að ná tengingu við nýju síðuna.

3. Fréttir af skrifstofu FEB

Nú er síðustu námskeiðum vetrarins að ljúka, en þó verða nokkur örnámskeið í boði í sumar í samvinnu við Reykjavíkurborg. Ferðalögin taka nú við og er vel bókað í allar ferðir sumarsins og biðlisti í þær sumar.

- Ákveðið var að skrá hjáheitið „feberdir.is“ á ferðaskrifstofu félagsins hjá Ferðamálastofu og einnig að skrá lénið á ferðaskrifstofunni með sama

Styrmir Erlingsson
OK
Styrmir Erlingsson

heiti þannig að hægt er að nálgast upplýsingar um ferðir FEB bæði með því að slá inn feb.is og líka febferdir.is.

- Níu FEB-ferðir verða farnar innanlands í sumar þar sem mikil áhersla verður lögð á að fara eftir ýtrustu sóttvarnarreglum og að allir þátttakendur séu bólusettir.
- FEB mun bjóða nokkur frí örnámskeið til félagsmanna í sumar, í samvinnu við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Ríkisstjórnin veitt borginni styrk til félagsstarfs eldri borgara vegna Covid ástandsins og nýtur FEB góðs af.
- Eitt af stærri verkefnum sumarsins er að koma öllum félagsskírteinunum út, en þessi framkvæmd dróst fram á sumarið vegna seinkunnar á aðalfundi FEB. FEB hefur fengið aðstoð frá sjálfbóðaliðum við þetta verkefni og unnu þeir afar gott verk.
- Umsvif verkefna á skrifstofu FEB eru að aukast nú í batnandi Covid ástandi og því var ákveðið að sækja um styrk í gegnum Vinnuálastofnun til að ráða auka starfsmann, þar sem aldrei hafði verið ráðið fyrir starfsmanns sem hætti í apríl 2020. Styrkurinn var samþykktur.

4. Aðventuferðir til Berlínar

Tvær aðventuferðir eru fyrirhugaðar til Berlínar á aðventunni en ferðirnar verða farnar í samvinnu við ferðaskrifstofuna „Betri ferðir“ sem Lilja Hilmarsdóttir stýrir.

5. Múla og Hlíðarbær

Kosið var í stjórn Múla- og Hlíðabæjar. Frá FEB er í stjórn Ólafur Örn Ingólfsson og í varastjórn Guðrún Árnadóttir. Frá FEB í fulltrúaráði eru Ingibjörg Óskarsdóttir og Margrét Hagalínadóttir. Enn vantar einn fulltrúa frá FEB í stað Ellerts B. Schram en Viðar Eggertsson kemur í stað Róberts Bender.

6. Nefndarstörf í sumar

Nefndir koma saman í sumar eftir þörfum.

7. Önnur mál.

Ekkert bar á góma.

Ingibjörg Óskarsdóttir

Guðrún Árnadóttir

Ólafur Örn Ingólfsson

Margrét Hagalínadóttir

Viðar Eggertsson

Róberts Bender

Ingibjörg Óskarsdóttir

Finns Birgisson

Fundi slitið kl. 12.00

fundargerð ritaði Geir A. Guðsteinnsson